

6. Ógildið útsvar og aðstöðugjald frá fyrri árum.
7. Önnur gjöld eða skattar en hér eru tilgreindir, að ákvörðun fjármálaráðherra.
8. Vangreidd meðlög eftir kröfu Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í B-lið 69. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 16. mars 1995.

F. h. r.
Snorri Olsen.

Bragi Gunnarsson.

Nr. 178

13. mars 1995

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu fyrir Dalabyggð.

1. gr.

Hreppsnefnd Dalabyggðar er árlega heimil álagning sérstaks sorphirðugjalds (sorp-hreinsi- og sorpeyðingargjalds) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

* Íbúðir og fyrirtæki í þéttbýli	
sorphirðugjald hver eining (160 ltr.)	kr. 7.500
* Íbúðir í dreifbýli, sumarbústaðir og hjólhýsi	
sem notuð eru sem sumarbústaðir	kr. 3.000
* Fyrirtæki sem ekki hafa sorpílát	kr. 3.000

Þeir sem leigja eða reka eigin sorpílát samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samþykktar um sorphirðu í Dalabyggð frá 13. mars 1995 eru gjaldfrjálsir.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Dalabyggðar, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi nú þegar.

Umhverfísráðuneytið, 13. mars 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.